



Fulltrúi við nemendaskrá Háskólans á Akureyri

Háskólinn á Akureyri auglýsir laust til umsóknar starf fulltrúa við nemendaskrá á háskólaskrifstofu. Um er að ræða 100% stöðu.

Fulltrúar nemendaskrár bera ábyrgð á að veita nemendum, starfsfólki og öðrum þeim sem eftir því leita upplýsingar um starfsemi háskólans. Fulltrúar annast almenn afgreiðslu- og skrifstofustörf auk skilgreindra verkefna fyrir aðrar starfseiningar háskólans. Fulltrúar eru starfsmenn nemendaskrár og taka virkan þátt í samstarfi starfsmanna þess. Starfsstöðin er á háskólasvæðinu á Akureyri. Næsti yfirmaður er forstöðumaður nemendaskrár.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Stúdentspróf eða sambærileg menntun
- Reynsla af skrifstofustörfum æskileg
- Góð færni í íslensku og ensku
- Góð tölvukunnátta
- Skipulagshæfni og geta til að vinna sjálfstætt
- Nákvæmni í vinnubrögðum
- Jákvæðni og lipurð í mannlegum samskiptum

Umsóknarfrestur er til **11. ágúst 2017**. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Ráðning er ótímabundin. Umsóknir og fylgigögn skal senda rafrænt á skrifstofu rektors Háskólans á Akureyri á netfangið starfsumsokn@unak.is, merkt: „Umsókn um starf fulltrúa við nemendaskrá“. Ekki er notað staðlað umsóknareyðublað.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Háskólinn á Akureyri áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum.

Umsókn skal fylgja:

- Greinargerð um náms- og starfsferil
- Staðfest afrit af prófskírteinum
- Tilnefna skal a.m.k. tvo meðmælendur, æskilegt að einn þeirra sé næsti yfirmaður í núverandi starfi eða fyrra starfi umsækjanda.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum SFR og fjármálaráðherra. Nánari upplýsingar veitir Stefán Jóhannsson, forstöðumaður nemendaskrár HA, netfang: stefjo@unak.is.

Háskólinn á Akureyri stuðlar að jafnrétti kynjanna og hvetur konur jafnt sem karla til að sækja um laus störf.